

Á fundi bæjarráðs Árborgar í dag 26. febrúar var tekin fyrir beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um – frumvarp til laga um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni, heildarlög, EES reglur.

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð Árborgar mótmælir þeim áformum að leiðir sem skilað geti rekstrarafgangi verði boðnar út sérstaklega. Slíkt mun kippa rekstrargrundvelli undan almenningsamgöngum sem sveitarfélögin hafa skipulagt, m.a. á leiðum sem fáir farþegar nýta. Það kerfi almenningsamgangna sem sveitarfélögin á Suðurlandi hafa skipulagt saman skipulagi á í gegnum SASS skiptir miklu fyrir búsetu á svæðinu og þjónustu við íbúa.

Framangreint tilkynnist hér með

Með kveðju,

Rósa Sif Jónsdóttir
ritari